

# Fréttir af flutningum

1. tbl. 13. árg. júlí 2003



Til að mæta auknum flutningum til Austurlands eru Samskip að koma upp allsherjaraðstöðu á Reyðarfirði. Þar verður bæði tollsvæði og geymsluaðstaða og hægt að veita alla þjónustu sem á þarf að halda.

Samningur við Impregilo:

## Aukin umsvif vegna Kárahnjúkaflutninga

Samskip hafa tekið að sér flutninga fyrir ítalska verktakafyrirtækið Impregilo sem annast byggingu aðalstíflu Kárahnjúkavirkjunar og borun aðrennslisganga virkjunarinnar.

Annars vegar er um að ræða samning um að Samskip, í samstarfi við ítölsku flutningamiðlunina Zust Ambrosetti, annast flutninga fyrir Impregilo til og frá Íslandi og hins vegar samning þess efnis að Samskip annast flutninga fyrir ítölsku verktakana hér innanlands.

Til að annast þessa flutninga munu Samskip ýmist nota eigin skip í áætlunar-

siglingum eða skip á vegum stórflytningadeildar Samskipa. Einnig verða sérstök leiguskip fengin til að annast flutninga í ákveðnum tilvikum. Eitt leiguskip er nýlega komið frá Kína með alls kyns varning og nokkur önnur skip hafa haft viðkomu á Reyðarfirði með tæki og tól vegna framkvæmdanna við Kárahnjúka.

## Samskip skerpa áherslurnar

Breytingar voru gerðar á yfirstjórn Samskipa á aðalfundi félagsins í vor. Ólafur Ólafsson lét þá af starfi forstjóra og tók við sem starfandi stjórnarformaður félagsins en Knútur G. Hauksson, aðstoðarforstjóri, og Ásbjörn Gíslason, framkvæmdastjóri sölu- og rekstrarsviðs erlendra starfsemi, voru ráðnir forstjórar Samskipa.

Ásbjörn Gíslason er öllum hnútum kunnugur þegar kemur að rekstri Samskipa erlendis. Í rúm tvö ár hefur hann verið framkvæmdastjóri sölu- og rekstrarsviðs erlendra starfsemi með aðsetur í Rotterdam og þar verður hann áfram við stjórnvölinn. Ásbjörn hefur starfað hjá Samskipum frá því hann útskrifaðist sem viðskiptafræðingur árið 1995.



Ný yfirstjórn Samskipa, Ásbjörn Gíslason, Ólafur Ólafsson og Knútur G. Hauksson.

Knútur G. Hauksson kom til starfa sem aðstoðarforstjóri Samskipa í árslok 2000 og hefur meginstarfssvið hans verið að stjórna daglegum rekstri félagsins á Íslandi. Hann er með BS og MS próf í efnaverkfræði. Áður en Knútur kom til starfa hjá Samskipum starfaði hann m.a. sem framkvæmdastjóri hjá Ólíufélaginu og var framkvæmdastjóri Óliudreifingar ehf.

Samhliða þessum breytingum á stjórnskipulagi Samskipa var fyrirhugað að breyta rekstrarfyrirkomulaginu og skipta fyrirtækinu í tvö félög en fallið hefur verið frá þeim áformum vegna sterkrar ímyndar Samskipa, bæði heima og á erlendum vettvangi.



Bls. 5

### Flutningar eru lykilatriði

– segir Hilmar Danielsson, framkvæmdastjóri Sólku-Fiskmiðlunar hf.




Bls. 6-7

### Nýr kall í brúnni

– viðtal við Knút G. Hauksson, forstjóra.

# Ný skip Samskipa

– leysa af hólmi Arnarfell og Helgafell árið 2005



## Annir hjá stórflutningadeild

Töluverð umsvif hafa verið hjá stórflutningadeild Samskipa, Siglu, það sem af er árinu og hefur deildin verið með upp í 7 leiguskip í ferðum til og frá landinu á mánuði með ýmsar vörur.

Frustflutningar til Eystrasaltslandanna hafa verið einn af stórum þáttum í starfsemi deildarinnar. Farnar hafa verið 2–3 ferðir á mánuði frá áramótum með frosna loðnu og síld. Einnig hefur Sigla verið með eitt leiguskip, M/V Sylvíu, í föstum siglingum til og frá landinu frá áramótum með fóður og fiskimjöl. Þá eru vaxandi umsvif hjá Siglu vegna stórfamkvæmdanna á Austurlandi.

Árstími skemmtiferðaskipanna er genginn í garð og hafa þegar verið bókaðar yfir 60 viðkomur á landinu hjá umboðsþjónustu skemmtiferðaskipa hjá Siglu. Meðal skipa, sem eru væntanleg í sumar, er M/V Maxim Gorky sem haft hefur viðkomu á landinu allt frá árinu 1969. Það er væntanlegt þrisvar í sumar með sex viðkomur og er sennilega það skemmtiferðaskip sem hvað oftast hefur komið til Íslands.

Samskip og þýska skipasmiðastöðin J.J. Sietas í Hamborg hafa gert með sér samning um smíði tveggja gámaskipa sem verða tilbúin til afhendingar í febrúar og mars árið 2005. Er þeim ætlað að leysa af hólmi núverandi Arnarfell og Helgafell sem eru nú þegar orðin of litil.

Nýju skipin verða þýsk gæðasmíði og sérstaklega hönnuð til að fullnægja kröfum Samskipa og viðskiptavina þeirra. Er miðað við að þau geti þjónað sömu höfnum og núverandi skip félagsins auk annarra hafna eftir atvikum.

Skipin verða svokölluð „græn skip“, þ.e. oliutankar liggja ekki beint að sjó sem er gert til að lágmarka hættu á olíumengun við strand eða árekstur. Flutningsgeta hvors skips um sig verður 908 tuttugu feta gámaeingingar og burðargeta allt að 10.950 tonn. Lengd hvors skips verður 137,5 metrar og ganghraði um 18,2 hnút-

ar og þau verða búin öflugum þverskrúfum til að stjórnhæfni þeirra verði eins og best verður á kosið. Aðalvélar verða 8.400 kw, ætlaðar til að brenna þungri olíu en einnig útbúnar með öflugum ásráfölum. Þá verða skipin búin til að flytja helstu gámaeingastærðir, s.s. 20, 30, 40 og 45 feta lengdir, og með að lágmarki 200 tengla fyrir frystigáma. Tveir öflugir gámakranar verða á hvoru skipi.

Aðbúnaður áhafnar verður eins og best verður á kosið, eins manns herbergi með sér snyrtingu fyrir alla í áhöfninni.

## Landflutningar-Samskip yngja upp bílaflotann

Samskip hafa gengið frá kaupum á 14 flutninga- og dráttarbilum til nota í flutningakerfi Landflutninga og leysa þeir af hólmi eldri bíla sem skilað hafa sínu í flutningum félagsins á vegum landsins.

Bílarnir verða afhentir á næstu 10 mánuðum. Samið var við Ræsi, sem er með Benz bíla, Kraft, sem er með MAN bíla, og Brimborg sem er með Volvo bíla. Allir bílarnir eru ríkulega útbúnir, m.a. með 460 hestafla vélum, koju-

húsum, ABS bremsum og ADR búnaði sem er nauðsynlegur þegar um er að ræða flutninga á hættulegum eignum. Einnig er í öllum flutningabílunum tölvubúnaður sem takmarkar hámarks hraða við 90 km á klst.

Afkoma Samskipa árið 2002:

## Nærri 500 milljóna króna afkomubati frá fyrra ári

Hagnaður Samskipa var 242 milljónir króna í fyrra en 249 milljóna króna tap var árið 2001. Helstu skýringarnar á þessum viðsnúningi eru gengishagnaður í stað verulegs gengistaps árið 2001, endurskipulagning og hagræðing í rekstri og betri afkoma af starfsemi félagsins erlendis. Gengisþróun hafði hins vegar einnig verulega neikvæð áhrif á tekjur félagsins og afkomu innlendu félaganna fyrir fjármagnsliði. Heildarhagnaður Samskipa árið 2002 varð því nokkuð undir markmiðum félagsins.

Mikil og hörð samkeppni var sem fyrr á flutningamarkaðinum á liðnu ári en þær aðgerðir, sem gripið var til hjá Samskipum árið 2001 til að lækka kostnað, skilðu sér í betri rekstri og áfram er markvisst unnið að sparnaði og hagræðingu í rekstri Samskipa. Stórflytningar félagsins jukust nokkuð í tonnum talið í fyrra, útflutningur Samskipa var svipaður og árið áður en allnokkur samdráttur varð í inn-



Gluggað í ársskýrslu Samskipa 2002 á aðalfundi félagsins í Salnum í vor.

flutningi. Flutningakerfi Samskipa innanlands hélt áfram að sanna gildi sitt og mikilvægi þess að bjóða tíðar ferðir,

sveigjanleika og hátt þjónustustig í flutningum milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar.

Tilraunir með flutninga á ferskum fiski í loftskiptum kæligámum lofa góðu:

## Sjóflutningar gætu orðið samkeppnisfærir við flugfrakt

Frumniðurstöður rannsókna og tilrauna á vegum Samskipa benda til þess að sjóflutningar á ferskum fiski geti orðið samkeppnisfærir við flugfrakt með tilkomu nýrrar tækni við geymslu og flutning vörunnar. Þetta myndi auka verðmæti sjávarafurða frá Íslandi og styrkja samkeppnisstöðu þeirra á erlendum mörkuðum.

Verkefnið, sem er unnið í samvinnu við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Samherja, snýst um að tryggja ferskleika og gæði fisks, sem fluttur er í kæligámum, á sama hátt og gert er við flutninga og geymslu á grænmeti og kjóti. Hafa tilraunirnar skilað mjög góðum árangri og benda fyrstu niðurstöður til þess að ferskleiki fisks, sem þannig er fluttur á markað, sé sambærilegur við gæði fisks sem fluttur er með öðrum hætti, þrátt fyrir sjóflutning og lengri geymslutíma.

„Loftskipt umhverfi og hitastýring eru

lykilorð í þessu tilraunaverkefni,“ segir Hinrik Bjarnason, deildarstjóri útflutningsdeildar Samskipa. „Geymsluaðferðin snýst í stuttu máli um það að skipta út lofttegundum og stýra hlutfalli þeirra, ásamt hitastiginu,“ segir Hinrik. „Þegar súrefnið hefur verið svo til tæmt úr gáminum er hægt að viðhalda ferskleika fisksins mun lengur.“

Þar til nú hefur lítið verið unnið að rannsóknum á geymslu- og flutningsþoli fisks við þessar aðstæður. Hinrik segir að hjá Samskipum þyki mönnum verkefnið spennandi og áframhaldandi tilraunir og rann-

sóknir fari fram á næstu vikum og mánuðum. Jafnframt stendur til að hefja tilraunir með sölu á fiski sem fluttur er út með þessum hætti og fer fyrsta tilraunasendingin til kaupenda á Englandi fljótlega af stað. Niðurstöður þessara frumtilrauna sýna einnig að heildstæðara flutnings- og vinnsluferli geti skilað meiri gæðum og er stefnt að áframhaldandi tilraunum í þeim efnum.

Samskip áttu frumkvæðið að þessum rannsóknum og fengu Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Samherja til samstarfs. Tilraunirnar, sem fram hafa farið á Akureyri, hafa reynst mjög kostnaðarsamar en þær hafa til þessa verið greiddar af Samskipum. Því ætla fyrirtækin, sem að þeim standa, að leita eftir styrkjum frá opinberum aðilum við framhald verkefnisins.

Samskip í Asíu:

## Skrifstofur í Suður-Kóreu og Kína

Samskip hafa opnað tvær umboðs-skrifstofur í Asíu. Er þetta enn eitt skrefið í þá átt að styrkja og efla þjónustu Samskipa við sjávarútveginn á heimsvísu. Skrifstofurnar eru í Pusan í Suður-Kóreu og Dalian í Kína og þriðja skrifstofan verður opnuð í borginni Qingdao í Kína innan tíðar.

Starfsemi umboðs-skrifstofanna í Asíu snýst fyrst og fremst um fiskflutninga um víða veröld en vegna mikilvægis og stærðar markaðanna þar telja Samskip áriðandi að reka eigin skrifstofur í þessum heimshluta.

Samskip í Pusan starfa sem flutningsmiðlari. Fjórir starfsmenn eru á skrifstofunni og hefur framkvæmdastjórinn, Yong-Jun Nam, mjög víðamikla þekkingu á mörkuðunum í Asíu. Tveir starfsmenn eru á skrifstofunni í Dalian og einn starfsmaður verður í Qingdao og heyrir þeir undir skrifstofuna í Kóreu.



Höfnin í Pusan í Suður-Kóreu gegnir lykilhlutverki í hráefnisflutningum á Asíumarkaði.

Verkefni skrifstofanna í Asíu snúast fyrst og fremst um flutning á hráefni til vinnsluhúsa í Kína og Tælandi og flutning á fullunnum afurðum til Evrópu, Bandaríkjanna og Japan. Gegnir skrifstofan í Pusan mikilvægu hlutverki í þessu ferli því stór hluti hráefnisins fer í gegnum Pusanhöfn og er félagið þegar komið með stóra samninga um verulegt flutningsmagn frá því að hún opnaði 1. mars sl. Er ársvelta félagsins þar á fyrsta starfsári áætluð um 600 milljónir íslenskra króna.



Starfsmenn Landflutninga-Samskipa á Akureyri sjá um að sækja og senda frakt með Kaupmannahafnarflugi Grænlandsflugs.

## Landflutningar-Samskip annast flugfrakt í Kaupmannahafnarflugi

Landflutningar-Samskip sjá nú um alla flutninga og tollafgreiðslu sendinga með Kaupmannahafnarfluginu til og frá Akureyri. Samningur þar um var gerður á dögnum við Flugflutninga ehf. sem hafa umsjón með flugfraktinni fyrir Grænlandsflug.

Flogið er tvisvar í viku, á mánudögum og fimmtudögum, milli Akureyrar og Kaupmannahafnar. Landflutningar-Samskip sjá um að forflytja til Akureyrar sendingar sem eiga að fara í flug sem og sækja á Akureyrarflugvöll sendingar sem koma með Kaupmannahafnarvélinni, tollafgreiða þær og koma til viðtakenda, hvort sem er á Eyjafjarðarsvæðinu eða annars staðar á landinu.

„Þetta eru mest varahlutir og þess háttar vörur sem menn eru að senda enn sem

komið er,“ segir Þórdís Ingvadóttir, sölu- og þjónustustjóri Landflutninga-Samskipa á Akureyri. Hún segir menn fyrir norðan vera almennt ánægðir með Kaupmannahafnarfluginu og þá möguleika sem það opni, bæði til ferðalaga og vöruflytninga. „Þetta er nú bara búið að vera síðan í byrjun máí þannig að lítil reynsla er enn komin á Kaupmannahafnarfluginu en vonandi er það komið til að vera,“ segir Þórdís.

Landflutningar-Samskip á Akureyri eru til húsa að Tryggvabraut 5.

### Nýr umboðsmaður Samskipa á Akranesi

Húsasmiðjan hefur tekið við afgreiðslu Samskipa á Akranesi sem Olíufélagið sá áður um. Engar breytingar verða á áætlunum við þetta. Fyrri ferð upp á Skaga er eftir sem

áður kl. 10:00 frá Reykjavík og seinni ferðin kl. 16:00.

Húsasmiðjan á Akranesi er að Esjubraut 47.

# Öruggir flutningar eru lykilatriði

– segir Hilmar Daníelsson, framkvæmdastjóri Sölku-Fiskmiðlunar hf.

Salka-Fiskmiðlun hf. er sérhæft fyrirtæki í útflutningi sjávarafurða. Fyrirtækið varð til á síðasta ári við sameiningu Fiskmiðlunar Norðurlands á Dalvík og Sölku sjávarafurða í Hafnarfirði. Salka-Fiskmiðlun er með skrifstofur í Mörkinni í Reykjavík þar sem starfa níu manns og fjórir eru á skrifstofu fyrirtækisins á Dalvík. Áætluð velta fyrirtækisins á yfirstandandi ári er á bilinu 5–6 milljarðar króna.

## Traust viðskipti við Nígíeríumenn

Hilmar Daníelsson hefur komið að útflutningi sjávarafurða undangengin fimmtán ár. Hann stóð að stofnun Fiskmiðlunar Norðurlands árið 1987 sem til að byrja með flutti út ferskan fisk til Bretlands. Fljótlega var þó horft til nýrra markaða og staðnæmst við útflutning á þurrkuðum fiskhausum og hryggjum til Nígíeríu. „Ég neita því ekki að ég var dálítið kvíðinn að fara út í þessi viðskipti enda var Nígíería mér mjög framandi land. Þegar ég kom þarna fyrst var simasambandslaust og maður gat því ekki látið vita af sér. Herforingjastjórn fór með stjórn landsins og hermenn voru á hverju strái. Þetta leit því ekki vel út en ég ákvað samt að láta engan bilbug á mér finna. Auðvitað hefur þjóðfélagið í Nígíeríu breyst mikið síðan þetta var en engu að síður fer ég ávallt mjög varlega í heimsóknum mínum til Nígíeríu. Ég er alltaf stöttur á flugvöllinn og forðast að vera mikið einn á ferli úti á götu á kvöldin,“ segir Hilmar og bætir við: „Viðskiptin við Nígíeríumenn hafa þó gengið mjög vel í gegnum tíðina og ég kannast alls ekki við að þeim sé ekki hægt að treysta.“

## Stærsti útflytjandinn til Nígíeríu

Á síðasta ári var Salka-Fiskmiðlun hf. stærsti héraendi útflytjandinn til Nígíeríu og á fyrstu þremur mánuðum þessa árs var hlutur fyrirtækisins rösk 60% af útfluttum þurrkuðum fiskafurðum til Nígíeríu. Markaður í Nígíeríu fyrir þurrkaða hryggi og hausa hefur vaxið hröðum skrefum, vöxt-



Hilmar Daníelsson, framkvæmdastjóri Sölku-Fiskmiðlunar hf.

urinn hefur verið miklu meiri en bjartsýnustu menn höfðu spáð.

Nígíeríumenn mylja niður þurrkaða fiskhousa og hryggi frá Íslandi og nota í eins konar súpu sem út í er sett grænmeti, kjúklingakjöt o.fl. „Þessi súpa er vissulega hátíðarmatur og maður heyrir á fólki að það dreymir um að geta borðað slíkan mat einu sinni í viku,“ segir Hilmar. Neysla á þurrkuðum fiskafurðum frá Íslandi er nokkuð svæðaskipt í Nígíeríu. Fyrst og fremst eru kaupendur í austurhluta landsins sem Íslendingar þekktu hér áður fyrir

undir nafninu Biafra og einnig er lítils háttar sala á þessum afurðum í höfuðborginni Lagos.

## Góð þjónusta

Einn af mikilvægustu þáttum í útflutningi sjávarafurða eru öruggir vöruflutningar. Hilmar fer ekki dult með að samskipti Sölku-Fiskmiðlunar við Samskip hafi verið mjög góð. „Þetta eru vissulega umtalsverðir flutningar og mikilvægt að þar sé haldið vel á málum. Við erum með samning við Samskip um flutning á frosnum afurðum og saltfiskafurðum og einnig sér félagið um að flytja til Evrópu hluta af þeim þurrkuðu afurðum sem við seljum til Nígíeríu. Ég get óhikað sagt að við fáum mjög góða þjónustu hjá Samskipum og dagleg samskipti við félagið eru fyrsta flokks,“ segir Hilmar.

Saltfiskinn selur Salka-Fiskmiðlun til Grikklands, Ítalíu, Spánar og Portúgals. Frosni fiskurinn fer hins vegar fyrst og fremst til Bretlands, Þýskalands og Frakklands.



Hilmar í hópi barna í Nígíeríu.

# Samskip á siglingu m

„Útrás Samskipa hefur verið í brennidepli undanfarin misseri en það er langt í frá að stöðnun hafi ríkt í starfsemi félagsins hér heima á sama tíma,“ segir nýr forstjóri Samskipa, Knútur G. Hauksson, í kaffisþjalli í „brúnni“ en svo nefnist í daglegu tali kontór forstjórans í aðalstöðvunum við Holtabakka. Og það er af nógu að taka: Blekið er vart þornað á samningum um flutninga fyrir aðalverktaka Kárahnjúkavirkjunar, ný frystigeymsla á Holtabakka, sérhönnuð til að þjóna vaxandi flota fjölveiðiskipa, var tekin í gagnið á dögnum, nýbúið er að opna tilboð í byggingu vörumiðstöðvar Samskipa sem verður hin stærsta sinnar tegundar á landinu og samningar eru í höfn um smíði tveggja nýrra skipa fyrir félagið.

Nýi forstjórinn er enginn nýgræðingur hjá Samskipum, hann stóð vaktina í brúnni sem aðstoðarforstjóri í rúm tvö ár með Ólafi Ólafssyni sem nú hefur fært sig um set og er tekinn við sem starfandi stjórnarformaður Samskipa. Með Knúti er kominn á forstjóravaktina Ásbjörn Gíslason, þrautreyndur í stjórnun fyrirtækisins þrátt fyrir ungan aldur því hann hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra erlendar starfsemi á þriðja ár.

Til stóð að skipta Samskipum í tvö félög í vor en frá því hefur nú verið fallið. „Við lögðum upp með það að skipta starfseminni í tvö félög, Samskip Global og Samskip Ísland,“ segir Knútur, „en nú erum við orðnir sannfærðir um að það henti betur að reka félagið áfram sem eina heild því ímynd okkar – ímynd Samskipa – er svo sterk, bæði hér heima og erlendis. Í það viljum við að sjálfsoögðu halda.“

## Þríeyki við stjórnvölinn

Samskip verða því áfram eitt félag en forstjórnarnir tveir. En óttast Knútur ekki að það flæki málin að hafa tvo „kalla í brúnni“?

„Það er rétt, það er sagt að ekki sé hægt að hafa tvo skipstjóra á sama skipi. Við erum hins vegar alveg óhræddir við þetta fyrirkomulag, ég einbeiti mér að íslenskum viðskiptavinum og Ásbjörn að erlendum mörkuðum. Við erum þrír í teymi að reka félagið því Ólafur er starfandi stjórnarformaður. Áherslurnar eru líka mjög skýrar og afmarkaðar, við Ásbjörn störfum í sínu hvoru landinu en það, sem mestu varðar, er að samstarf okkar hefur alla tíð verið með miklum ágætum. Þess vegna treystum við okkur til að hafa þetta fyrirkomulag.“

Knútur boðar ekki neina byltingu í rekstri Samskipa hér heima en segir að með tímanum megi búast við að þess sjáist einhver merki að nýir menn haldi um stjórnvölinn. „Í því sem öðru er samt sigandi lukka best,“ segir Knútur og bætir

við að þeir félagar taki við gríðarlega öflugugu félagi „og við erum nú svo heppnir að allir starfsmenn félagsins eru áfram hjá okkur.“

## Yfir lönd – yfir höf

Óhætt er að segja að bylting hafi orðið á starfsemi Samskipa á þeim 12 árum sem eru liðin frá því fyrirtækið tók við rekstri Skipadeildar Sambandsins, rótgróins sjöflutningafyrirtækis sem haldið hafði uppi farsælum millilandasiglingum í hálfu öld. Núna eru Samskip alþjóðlegt flutningafyrirtæki með umboðsskrifstofur vítt og breitt um heiminn, starfsmennirnir eru um 800 talsins og ársvelta félagsins var um 15 milljarðar króna á síðasta ári. Landvinningar Samskipa erlendis hafa verið miklir undanfarin misseri og er sú starfsemi að skila hátt í helmingi af veltu félagsins. En það er ekki síður gerjun í starfsemi Samskipa innanlands.

„Við erum komin hér með öflugustu vörudreifingarmiðstöð landsins og dreifum vörum daglega í yfir 200 verslanir og veitingahús, auk þess sem við geymum hér lagera fyrir 150 matvöruverslanir,“ segir Knútur. „Þá vorum við að taka í notkun

nýja frystigeymslu sem er sérhönnuð til að veita sívaxandi fjölda fjölveiðiskipa sem besta þjónustu,“ segir Knútur hinn ánægðasti og er ekkert að skafa utan af hlutunum. „Ég þori að fullyrða að með tilkomu hennar hér á Holtabakkanum erum við komin með bestu og fjölbreyttustu þjónustuna við fiskveiðiflotann sem finnst hér á landi – og þótt víðar væri leitað. Einnig má nefna að félagið hefur verið að fíkra sig áfram með sendibílaakstur og þjónustu honum tengda á þessu og síðasta ári.“

## Þátttaka í einu stærsta verkefni Íslandssögunnar

Þar með er ekki allt talið því nýjasta fjöðrin í hatti Samskipa eru samningar við ítalska verktakafyrirtækið Impregilo. Annars vegar er um að ræða samning um að Samskip, í samstarfi við ítalska flutningamiðlun, annist flutninga fyrir Ítalina til og frá landinu og hins vegar samning þess efnis að Samskip annist flutninga fyrir þá hér innanlands.

„Það er auðvitað mjög spennandi fyrir okkur hjá Samskipum að verða þátttakandur í þessu sennilega stærsta byggingarverkefni Íslandssögunnar,“ segir Knútur. „Félagið er að koma upp aðstöðu vegna flutninganna á Reyðarfirði. Hér er um góða viðbót að ræða við rekstur Samskipa sem eflir mjög starfsemi okkar á Austurlandi,“ segir forstjórinn en hér og nú segist hann ekki geta svarað því um hvað mikla flutninga sé að ræða. „Það hefur ekki verið tiltekið nákvæmlega en ítalska flutningamiðlunin Zust Ambrosetti, sem við erum í samstarfi við, metur flutningana



# eð nýjan kall í brúnni



Knútur G. Hauksson er nýr „kall í brúnni“ hjá Samskipum.

til landsins fyrir Impregilo á a.m.k. 6–7 milljónir dollara,” segir Knútur.

## Ný vörumiðstöð og ný skip

En það er ekki bara eystra sem uppbygging er í gangi hjá Samskipum. Nýbúið er að opna tilboð í vörumiðstöð félagsins sem á að rísa á hafnarsvæði Samskípa við Kjalarvog. Vörumiðstöðin verður sú stærsta á landinu með 25 þúsund m<sup>2</sup> gólfhlöt og þar verður sameinuð starfsemi sem núna er rek-

in á fimm mismunandi stöðum. „Við erum að vonast til að nýja vörumiðstöðin verði tilbúin til notkunar seint á næsta ári,” segir Knútur og sér mikla möguleika skapast til hagræðingar í rekstri við að jafnfjölpætt starfsemi og innflutningur, útflutningur, vörudreifingarmiðstöð, tollvöruheymsla og innanlandsflutningar sameinist undir einu þaki. „Það gerir okkur kleift að samþætta þetta betur og bjóða betri og jafnvel ódýrari þjónustu en nú er hægt.“

Og stjórnendur Samskípa hafa einnig staðið í ströngu vegna skipastóls félagsins. Leiga á skipunum Arnarfelli og Helgafelli er að renna út og því hefur undanfarið verið unnið að því að útvega ný skip í þeirra stað. „Við erum nýbúin að ganga frá samningum um smíði tveggja nýrra skipa sem verða komin í gangið árið 2005,” segir Knútur. „Nei, við ætlum ekki að eiga þau,” segir forstjórinn aðspurður. „Við leigjum þau en fáum að hafa hönd í bagga með smíði þeirra til að tryggja að þau henti sem best fyrir reksturinn.“

## Næ úr mér stressinu á vellinum

Það er því í nógu að snúast á næstunni hjá nýjum forstjóra Samskípa á Íslandi og víst að honum leiðist ekki enda Samskip einstaklega skemmtilegur vinnustaður að hans sögn.

„Liðsandinn er góður og liðsheildin sterk og menn tilbúin að hjálpa hver öðrum,” segir Knútur og fullyrðir að það sé sérstakt fyrir jafnstórt fyrirtæki.

Knútur brosir þegar hann er spurður hvort æskudraumurinn hafi nú ræst með því að setjast í stól forstjóra Samskípa og enn breikkar brosið þegar hann er í framhaldinu spurður hvernig standi á því að efnaverkfræðingur sé að reka flutningafyrirtæki?

„Þetta er vissulega nokkuð langt frá sérnáminu mínu,” segir Knútur hlæjandi en hann er með BS og MS próf í efnaverkfræði frá Bandaríkjunum. „Hins vegar byggist mitt starf mjög mikið á ákveðnum og öguðum vinnubrögðum. Þau lærði ég mjög vel í mínu námi og það hefur nýst mér vel,” segir Knútur.

En hvernig skyldi hann svo ná úr sér öllu stressinu sem hlýtur að fylgja svona krefjandi starfi?

„Ég næ úr mér stressinu með því að horfa á fótbolta og handbolta og stundum koma aðrir með mér á þessa leiki, ekki til að horfa á keppnina heldur til að fylgjast með mér því ég lifi mig mjög inn í leikinn,” segir Knútur og kímir við. Hann er Framari, það er börnunum þremur að þakka og pabbi reynir að fylgjast með öllum leikjum hjá þeim. Golf og skíðaðikun eru einnig vinsælar íþróttir hjá Knúti og fjölskyldunni enda vart betri leið til spennulosunar að hans mati en íþróttir og samvistir við fjölskylduna.

## Nýir starfsmenn



**Bergþóra Hrund Ólafsdóttir** hefur verið ráðin sölustjóri vörumiðstöðvar. Bergþóra er með BSc gráðu í alþjóðamarkaðsfræði frá

Tækniháskóla Íslands árið 1999. Hún starfaði hjá Landssíma Íslands sem forstöðumaður einstaklingsþjónustu áður en hún réðst til Samskipa.

Bergþóra er 31 árs og er í sambúð með Guðmundi Konráðssyni. Þau eiga rúmlega ársgamla dóttur, Rebekku.



**Hallgerður Jóna Elvarsdóttir** hefur verið ráðin þjónustufulltrúi í útflutningsdeild. Hallgerður hefur lokið skrifstofubraut 1 frá Menntaskólanum í

Kópavogi og er að ljúka skrifstofubraut 2 í kvöldskóla. Hún vann hjá Deloitte & Touche - Ráðgjöf ehf. við tilfallandi störf í afgreiðslu fyrirtækisins áður en hún kom til starfa hjá Samskipum.

Hallgerður er 25 ára og er maki hennar Arnar Óðinn Arnþórsson.



**Hinrik Örn Bjarnason** hefur verið ráðinn deildarstjóri útflutningsdeildar. Hinrik er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum. Hann nam viðskipta-

fræði við Háskóla Íslands og útskrifaðist árið 1998. Hann var innkaupa- og sölustjóri hjá SÍF áður en hann kom til starfa hjá Samskipum.

Hinrik er 31 árs og er maki hans Anna Jónína Sævarsdóttir. Þau eiga tvær dætur, Björgu Huldu, 6 ára, og Birgittu Hrónn, 3 ára.



**Hlíf Sturludóttir** hefur verið ráðin deildarstjóri fjárreiðudeildar. Hlíf er með MBA gráðu frá Edinborgarháskóla og viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Hún

vann hjá Kaupási hf. við verkefnastjórnun áður en hún réðst til starfa hjá Samskipum.

Hlíf er 35 ára og á tvö börn, Andra, 9 ára, og Birtu, 5 ára.

Samskip kaupafélag í Eistlandi:

# Áfangi í útrásinni í austurveg

Samskip hafa keypt helmingshlut í fyrirtækinu T&E ESCO – Container Lines AS sem skráð er í Tallin í Eistlandi og var áður rekið undir nafninu Estonian Shipping Company Ltd. (ESCO). Kaupin eru áfangi í útrás Samskipa í austurveg og styrkja enn frekar flutningaþjónustu félagsins milli Norður-Evrópu og Eystrasaltsríkjanna, Finnlands og Rússlands.



Jon Edvard Sundnes og Ólafur Ólafsson undirrita kaupsamning vegna T&E ESCO í byrjun ársins. Á bak við standa Niels Tolstrup, framkvæmdastjóri T&E ESCO – Container Lines AS, og Guðmundur Hjaltason.



Siglingaleiðir T&E ESCO – Container Lines AS.

T&E ESCO er með fjögur skip í siglingum milli Eistlands, Finnlands, Svíþjóðar, Bretlands, Belgíu, Hollands og Þýskalands og er brottför tvisvar í viku. Hvert skip rúmar 266 gámaeiningar og er velta fyrirkisins á þessu ári áætluð um 12 milljónir Bandaríkjadala. Helstu viðskiptavinir T&E ESCO eru önnur skipafélög og flutningamiðlanir og er stefnt að enn frekari markaðshlutdeild með hagræðingu og samhæfingu við aðra starfsemi Samskipa á svæðinu.

### Vaxandi markaður

Uppgangur hefur verið í flutningastarfsemi á þessu markaðssvæði og er spáð áframhaldi á því. Mest hefur aukningin verið til og frá Pétursborg og jukust t.d. flutningar um höfnina þar úr 110 þúsund gámaeiningum árið 1998 í 361 þúsund gámaeiningu árið 2001. Á sama tímabili jukust flutningar um höfnina í Tallin úr 55 þúsund í 78 þúsund gámaeiningar.

Auk bættrar þjónustu og betri aðgangs að mörkuðum felst ávinningurinn af kaupunum í T&E ESCO – Container Lines einkum í þeirri hagræðingu sem heildarlausnir Samskipa í flutningum, svokölluð „door to door“ þjónusta, skapar. Skrifstofa T&E ESCO í Tallin verður beintengd tölvukerfi Samskipa og fjármálum félagsins verður stýrt frá skrifstofu Samskipa í Rotterdam. Framkvæmdastjóri verður Niels Tolstrup.

# Stækkun Ísheima lokið



...og forstjóri Samskipa tók því næst frystivörumiðstöðina formlega í notkun með því að keyra fyrsta farminn inn í húsið.

Ísheimar, ný og endurbætt frystivörumiðstöð Samskipa á Holtabakka, var formlega opnuð við hátíðlega athöfn 26. júní sl., rúmlega hálfu ári eftir að fyrsta skóflustungan var tekin að byggingunni. Nýja frystivörugeymslan er sérhönnuð til að mæta þörfum vaxandi flota fjölveiðiskipa og með tilkomu hennar geta Samskip stóraukið þjónustu sína við sjávarútveginn í heild.



Því var vel fangað þegar Kári Arngrímsson, framkvæmdastjóri Keflavíkurverftaka, afhenti Knúti G. Haukssyni, forstjóra Samskipa, lykilmín að nýja húsinu...

Bygging heilfarmaageymslu (bulk storage facility) hefur lengi staðið til hjá Samskipum og vorið 2002 var hafist handa við að skoða málið betur enda þá orðið ljóst að frystigeymsla félagsins á Kirkjusandi yrði lögð niður. Niðurstaðan varð sú að byggja 3 þúsund tonna viðbót við Ísheima, frystigeymslu Samskipa á Holtabakka, og var hugmyndin útfærð frekar af starfsmönnum rekstrar- og útflutningssviða Samskipa. Samið var við Línuhönnun um að sjá um al-

útboð á byggingu geymslunnar og var hagstæðasta tilboðið í verkið, 263 milljónir króna, frá Keflavíkurverktökum. Arkitektastofan Yrki hannaði bygginguna en um burðarþol og lagnir sá verkfræðistofan Hönnun. Frystikerfi ehf. hafði umsjón með vélabúnaði, Samey annaðist raflagnir og Línuhönnun hafði með höndum eftirlit með verkinu fyrir hönd Samskipa.



Þessi viðbót við Ísheima er sérhönnuð fyrir stærri sendingar og þar verður allri vöru frístaflað sem er hagkvæmara m.t.t. ýmissa fisktegunda, s.s. síldar, loðnu, kolmunna og karfa. Með nýju viðbyggingunni geta Samskip því boðið upp á geymslu á stórum förmum með lægri geymslukostnaði.

Samhliða byggingu nýju frystigeymslunnar hefur gámatenglum verið fjölgað og verður öll vara plöstuð og merkt með strikamerki áður en henni er komið fyrir í geymslunni. Þá verður öll losun og lestun frystiflutningaskipa, flutningabíla og gáma einfaldari því nýja geymslan er í sömu hæð og bryggjan og það auðveldar akstur lyftara og annarra ökutækja á svæðinu.

Miklar breytingar hafa einnig verið gerðar á hafnarsvæði Samskipa við Vogabakka. Er öll aðstaða til löndunar, lestar- og annarrar þjónustu til fyrirmyndar eftir að innsiglingin var dýpkuð og hafnarbakkinn lengdur í 500 metra. Geta þeir togarar ásamt flutningaskipi Samskipa nú legið samtímis við Vogabakka og tveir togarar við Holtabakka og það auðveldar mjög alla afgreiðslu og þjónustu.

## Samskip styrkja stöðu sína í Benelúxlöndunum

Samskip hafa eignast belgiska flutningafélagið Belgo-Ruys NV í Antwerpen sem undanfarin ár hefur sinnt umboðsþjónustu og flutningamiðlun fyrir Samskip í Benelúxlöndunum. Hefur nafni fyrirtækisins verið breytt í Samskip NV.

„Öflugt markaðsstarf Belgo-Ruys hefur aukið mjög umsvif Samskipa á þessu markaðssvæði,“ segir Björn Einarsson sem stýrir skrifstofu Samskipa NV í Belgíu, „og með kaupunum teljum við okkur geta styrkt enn frekar stöðu okkar á

þessum markaði, jafnframt því sem hægt verður að bjóða upp á enn betri þjónustu við viðskiptavinum okkar.“ Björn, sem jafnframt er framkvæmdastjóri Samskipa BV í Rotterdam, er með aðsetur í Rotterdam, miðsvæðis á mark-

aðssvæði Samskipa NV. „Við snum áfram því hlutverki sem Belgo-Ruys gegndi á siglingaleiðunum milli Belgíu, Skandínavía og Rússlands og sjáum um umsvif Samskipa á þessu markaðssvæði, sem og eistneska skipafélagsins T&E ESCO sem Samskip eiga helmingshlut í,“ segir nýr framkvæmdastjóri Samskipa NV, aðspurður um helstu verkefni félagsins.

# Samstarf við flutningarisa

Samskip Inc., dótturfyrirtæki Samskipa í Bandaríkjunum, hefur gert samstarfs-samning við Direct Container Line USA (DCL) um dreifingar- og vörhúsaþjónustu í Bandaríkjunum og Kanada.

Samstarfið við DCL er enn einn áfanginn í að bæta þjónustuna við viðskiptavinum Samskipa. Hafa Samskip þegar tekið við allri starfsemi DCL í Norfolk í Virginíu, jafnt vörhúsaþjónustu sem bókun á frakt. Samskip hafa einnig tekið við sem umboðsaðili fyrir DCL í Virginíu og umboðsskrifstofur Direct Container Line annast nú móttöku á frakt Samskipa á um 30 stöðum í Bandaríkjunum og Kanada.

„Með þessu móti geta Samskip, sem umboðsaðili DCL, boðið viðskiptavinum í Ameríkuflutningum upp á hagstæða þjónustu og tíðar ferðir til flestra áfangastaða í heiminum, hvort sem um er að ræða lausafrakt eða gámaflutninga,“ segir Gunnar Kvaran, framkvæmdastjóri Samskip Inc. í Norfolk.

DCL er eitt af stærri flutningafyrirtækjum Bandaríkjanna (non-vessel operating common carrier) og með umboðsaðila um allan heim. Það er í eigu NACA Logistics Group sem aftur er eitt stærsta flutningafyrirtæki heims. DCL var stofnað árið 1978 til að sinna flutningum frá Bandaríkjunum til Ástralíu. Þegar sjóflutningar voru gáma-væddir náði fyrirtækið að styrkja mjög stöðu sína og hasla sér völl á alþjóðamarkaði. Hefur DCL tvisvar hlotið sérstaka viðurkenningu Bandaríkjaforseta vegna útflutningsmála.



Pétur Blöndal, deildarstjóri hjá Samskipum, og Gunnar Kvaran, framkvæmdastjóri Samskip Inc., handsala samninginn við Robert Sutton, aðstoðarforstjóra NACA Logistics Group.

# Samskipafólk á skólabeck

Tólf starfsmenn Samskipa, bæði rekstrarstjórar og þjónustustjórar, luku nýlega stjórnunarnámskeiði hjá Þekkingarmiðlun ehf. þar sem m.a. var farið í mýkri hliðar starfsmannastjórnunar.



Einbeittir þátttakendur á námskeiði Þekkingarmiðlunar. Þeir komu frá ýmsum starfsstöðvum Samskipa og líkaði vel.

Tekið var til óspilltra málanna upp úr miðjum mars en þá var framkvæmt svokallað 360° mat á þátttakendum. Í því fólst að fimm samstarfsmenn hjá Samskipum (yfirmenn, samstarfsmenn og undirmenn) voru látnir meta viðkomandi

þátttakanda út frá ákveðnum þáttum. Farið var yfir niðurstöðurnar með öllum hópnum í fyrsta tíma og var það hluti af sjálfsskoðun þátttakenda. Var víða komið við á námskeiðinu og m.a. fjallað um stjórnun fólks, hvatningu, framkomu, starfsánægju og hrós. Einnig var kennt hvernig velja á rétta fólk, rætt um mótöku nýliða og félagsmótun, hvernig leysa skal erfið starfsmannamál og koma fram við erfiða einstaklinga. Þá var einnig kennd tímastjórnun og hvernig halda skal markvissa fundi. Stóð námskeiðið frá 21. mars til 23. maí og var alls 44 tímar.

Næsta námskeið er í vinnslu og mun það að öllum líkindum verða haldið í haust eða byrjun næsta árs.

## Aukin og bætt þjónusta Herjólfis

Herjólfur siglir tvær ferðir alla daga milli lands og Eyja í sumar nema laugardaga en þá er ein ferð.

Brottför er alla daga frá Vestmannaeyjum kl. 8:15 og frá Þorlákshöfn kl. 12:00. Brottför frá Vestmannaeyjum í seinni ferðina er kl. 16:00 og frá Þorlákshöfn kl. 19:30. Með tilkomu sumarátelnunarinnar urðu einnig breytingar á opnunartíma afgreiðslu Herjólfis í Vestmannaeyjum. Nú er opið frá kl.

7:30–16:00 sunnudaga til föstudaga og frá kl. 7:30–12:00 á laugardögum. Afgreiðslan í Þorlákshöfn er opin frá kl. 10:00–12:00 og kl. 17:30–19:30 sunnudaga til föstudaga og kl. 10:00–12:00 á laugardögum.

Sumaráætlun Herjólfis gildir til 31. ágúst nk. Frekari upplýsingar má fá á síðu 415 í textavarpri RÚV, á vefsíðu Herjólfis, [www.herjolfur.is](http://www.herjolfur.is), eða í síma 481-2800.

## Ferjur Samskipa á nýjum frímerkjum

Íslandspóstur hefur gefið út frímerkjaröð með fjórum íslenskum ferjum. Tvær þeirra, Herjólfur og Sæfari, eru reknar af Samskipum.

Sæfari, sem smíðaður var 1978 og er 368 bt., sinnir Grimseyjar siglingum og annast einnig þungaflytninga til Hríseyjar en Herjólfur, sem smíðaður var 1992 og er 3.354 bt., heldur uppi siglingum milli lands og Vestmannaeyja.

Í tilkynningu frá Íslandspósti kemur fram að ferjur hafi verið notaðar á Íslandi frá orófi alda og þó brýr hafi víða gert þær óþarfar sé þeirra enn þörf þar sem þjóna þurfi byggðum eyjum umhverfis landið. Jafnframt fjölgi ferjum til hvers kyns skoðunarferða eftir því sem ferðamennska færist í aukana. Tími ferjanna sé því síður en svo liðinn.



# Er metin eftir því hvernig ég vinn

– segir Halldóra Káradóttir, deildarstjóri vöruhúsadeildar

Halldóra Káradóttir hóf störf hjá Samskipum strax að loknu háskólanámi í viðskiptafræði árið 1995. Fyrstu árin hjá fyrirtækinu vann hún sem aðstoðarmaður forstjóra en sl. fjögur ár hefur hún starfað sem deildarstjóri vöruhúsadeildar.



Halldóra Káradóttir, deildarstjóri vöruhúsadeildar Samskipa, stöðastlíðin 4 ár.

„Starfið mitt hjá forstjóra Samskipa var mjög fjölbreytt,“ segir hún. „Ég var í ýmsum sérverkefnum og mér gafst tækifæri til að kynnast fyrirtækinu frá mörgum hliðum.“

Talsverðar breytingar hafa átt sér stað síðan Halldóra tók til starfa í vöruhúsadeild Samskipa, ekki síst vegna aukinnar tæknivæðingar. Um þessar mundir vinna undir hennar stjórn um 60 starfsmenn og hún ber ábyrgð á starfsemi sem spannar svæði sem er alls 14.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli.

## Umfangsmikið starf

„Það, sem kom mér mest á óvart þegar ég byrjaði, var ábyrgðarsviðið sem var umfangsmeira en ég hafði gert mér grein fyrir í upphafi,“ segir Halldóra. Núna eru vöruhúsin undir hennar stjórn þrjú talsins. Þar fer fram öll losun á vörum sem Samskip flytja til landsins í LCL safngámum. „Við tökum á móti þeim vörum og sjáum um að afhenda þær viðskiptavinum,“ segir Halldóra. „Einnig sé ég um vöudreifingarmiðstöðina sem þjónar 150 verslunum og 80 birgjum í gegnum Búr ehf., sem og rekstur vöruhúsa og alla vörumóttöku fyrir Jóna Transport.“

Öll þjónusta við viðskiptavinum Samskipa

hefur batnað til muna eftir að vöudreifingarmiðstöðin var strikamerkjavædd að fullu í apríl í fyrra. „Það hefur orðið gríðarleg breyting á birgðahaldi verslana á síðustu árum með tilkomu fyrirtækja eins og Búrs ehf. Verslanir þurfa ekki lengur að liggja með mikið af vörum á lager hjá sér. Þess í stað panta verslanirnar vorur eftir því sem þær vantar í hillurnar, við tinum þær til og stuttu síðar er varan komin upp í hillur verslana þar sem neytendur geta nálgast þær.“ Halldóra segir að með strikamerkjavæðingu lagersins sé tryggt öryggi í afhendingum sem hafi einnig leitt til þess að ekki þurfi lengur að vera með sólarhringsvaktir í vöruhúsinum. „Núna getum við móttakið vöru og tekið til pantanir á sama tíma því allar færslur í húsinu eru skráðar í rauntíma í birgðakerfið. Þetta er gífurleg breyting frá því sem áður var,“ segir Halldóra.

## Ein af strákunum

Af þeim 60 starfsmönnum, sem heyra undir Halldóru, eru obbinn karlmenn. Hvernig skyldu þeir hafa tekið því að fá konu sem yfirmann?

„Þeim hefur kannski fundist það eitt-hvað skrytið til að byrja með en ég held

það skipti engu máli í dag. Ég er með mjög góða menn mér til aðstoðar og ég gef mönnum nokkuð frjálssar hendur í sínu starfi. Ég lít ekki á það sem mitt hlutverk að verkstyra mönnum frá degi til dags heldur að þjónusta mitt starfsfólk og sjá til þess að vinnuumhverfið, verkferlar og allur aðbúnaður sé í lagi. Ég er enginn harðstjóri,“ segir hún og hlær.

## Skýrar boðleiðir mikilvægar

Halldóra segist leggja mikla áherslu á skýrar boðleiðir og að sem mest af vinnunni fylgi því kerfi sem byggt hefur verið upp. „Auðvitað getur alltaf eitthvað óvænt komið upp á en það er mín reynsla að hægt sé að fækka slíkum uppakomum með því að beita öguðum vinnubrögðum,“ segir Halldóra. Hún viðurkennir þó að aldrei sé hægt að sjá fyrir allt sem getur gerst í starfinu. „Fyrir um það bil þremur árum stóðum við hér í vöruhúsadeildinni til dæmis frammi fyrir mikilli mannekleu sem mátti rekja til almenns atvinnuástands í samfélaginu. Álagið var því mjög mikið og við brugðumst við með því að ráða til okkar hóp af Pólverjum. Núna starfar fjölbreyttur hópur útlendinga frá ýmsum löndum hjá okkur. Þeir hafa reynst mjög vel og sett sinn svip á vinnustaðinn. Sveigjanleiki þarf því alltaf að vera til staðar til að mæta breyttum aðstæðum,“ segir hún ákveðin.

„Hitt er svo allt annað mál,“ heldur Halldóra áfram, „að eins og mörg fyrirtæki á Íslandi eru Samskip mikið karlaveldi og stundum hafa komið upp tilvik í starfi mínu þar sem ég hef spurt mig hvort hlutirnir hefðu ekki farið öðruvísi hefði ég verið karlmaður. Óneitanlega eiga konur erfiðara uppdráttar í fyrirtæki sem þessu. Þótt ég sé ekki að sækjast eftir því sjálf finnst mér athyglisvert að það skuli ekki enn vera komin kona í framkvæmdastjórn Samskipa,“ segir Halldóra hugsandi.

„En svona í heildina lítið hefur mér verið tekið mjög vel af samstarfsmönnum mínum í vöruhúsadeildinni,“ bætir Halldóra Káradóttir, deildarstjóri vöruhúsadeildar, við að lokum, „því ég hef yfirleitt verið metin eftir því sem ég er að gera og hvernig ég vinn frekar en sem kona í svokölluðu karlastarfi.“

# Samskip leggja sitt af mörkum

– styrkja fíkniefnaforvarnir, menningu, íþróttir og ýmiss konar góðgerðastarfsemi

Á hverju ári leggja Samskip sitt af mörkum til stuðnings góðgerðastarfsemi, menningu og íþróttum í samræmi við þá stefnu félagsins að vera virkur og virtur þátttakandi í íslensku samfélagi. Þá hafa fíkniefnaforvarnir og málefni tengd þeim notið sérstaks stuðnings félagsins sl. 3 ár.

Á aðalfundi félagsins fyrir þremur árum var greint frá 10 milljóna króna framlagi félagsins til fíkniefnaforvarna og fóru hæstu styrkirnir til meðferðarheimilisins að Árvöllum á Kjalarnesi, Foreldrahússins, Endurmenntunarsjóðs fíkniefnalögreglunnar og Unglingahóps Hins hússins (PATH).

Hæstu menningartengdu styrkir Samskipa hafa farið til Hamrahlíðarkórsins, Kirkjulistarhátíðar og Menningarnætur Reykjavíkurborgar og nú síðast til Vetrarhátíðar Reykjavíkurborgar.

## Fjölbreyttir íþróttastyrkir

Fjöldmörg íþróttafélög njóta stuðnings frá Samskipum. Á dögnum var gengið frá styrktarsamningi við meistaraflokka ÍBV í karla- og kvennaflokki í knattspyrnu til næstu tveggja ára. Fána Samskipa og sérmerktir bílar munu því setja svip sinn á

heimaleiki Eyjamanna í sumar og næsta sumar.

Þá munu leikmenn sameinaðs knattspyrnuliðs Leifturs og UMFS á Dalvík leika næstu tvö leiktímabil með merki Landflutninga-Samskipa á sínum búningum því samningur þess efnis var handsalður nyrðra á dögnum.

Önnur knattspyrnulið, sem notið hafa stuðnings Samskipa, eru Breiðablik í Kópavogi og hið rötgróna Reykjavíkurlíð, KR.

En það er ekki bara knattspyrna sem nýtur stuðnings Samskipa. Skíðakonan Dagný Linda Kristjánsdóttir frá Akureyri, margfaldur Íslandsmeistari og sigurvegari á alþjóðlegum mótum, nýtur stuðnings Samskipa og það gerir einnig Skíðasamband Íslands.

Þá eru Samskip einn aðalstyrktaraðili Handknattleikssambands Íslands og



Afrekskonan Dagný Linda Kristjánsdóttir á fullri ferð. Hún er með eigin heimasíðu, [www.skidi.is/dagnylinda](http://www.skidi.is/dagnylinda), þar sem hægt er að lesa um afrek hennar.



Agnar Már Jónsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Samskipa, og Viðar Elliasson, formaður knattspyrnuráðs ÍBV, undirrita styrktarsamninginn á vellinum í Eyjum í hálfleik í leik ÍBV og KA.

einnig njóta handknattleiksmenn ÍBV dyggilegs stuðnings Samskipa sem og Fram, KA á Akureyri, Haukar í Hafnarfirði og fleiri félög.

## Tekið til með bros á vör og höfuðfat!



Marga skrautlega búninga bar fyrir augu viðskiptavina Samskipa á tiltektardegi starfsmanna í vör.

Starfsmenn Samskipa brugðu á leik á árlegum tiltektardegi félagsins 16. maí sl., og mættu til vinnu með alls kyns húfur og hatta á höfði enda þema dagsins „höfuðfat“.

Margir gengu enn lengra og skryddust alls kyns búningum og voru með tilheyrandi leikmuni. Starfsmenn létu heldur ekki sitt eftir liggja í tiltektinni enda undirbúningsnefnd búin að hanna á því að menn yrðu að standa sig. Vikuna á undan var daglega sendur tölvupóstur úr *Þjónustusýn Samskipa* með boðorðum tiltektardagsins. Þar var kveðið á um að hafa skuli „snyrti-

mennsku og hreinlæti í fyrirrúmi, bæði í klæðaburði og starfsumhverfi“. Sérstök dómnefnd lagði mat á árangur starfsmanna við að gera hreint og fallegt í kringum sig og var úthlutað verðlaunum fyrir tiltekt, mestu framfarir, búninga og fleira. Var almenn ánægja með hvernig til tókst á hinum árlega tiltektardegi Samskipa.